

ÁRSSKÝRSLA  
VISTBYGGÐARRÁÐS  
2017



Vistbyggðarráð

VISTBYGGÐARRÁÐ .....	3
AÐILAR 2017 .....	4
STJÓRN .....	5
REKSTUR .....	6
STARFSFÓLK .....	6
AÐSETUR .....	6
TEKJUR .....	6
ÖFLUGIR VIÐBURÐIR Í ÞÁGU GRÆNNI BYGGÐAR .....	7
HVAÐ Á AÐ VELJA? NÁMSKEIÐ UM UMHVERFISVÆNT EFNISVAL .....	7
MÁLÞING: LOFTSLAGSMÁL OG SJÁLBÆRNI Í BYGGINGARIÐNAÐI .....	7
AÐALFUNDUR VISTBYGGÐARRÁÐS 26. APRÍL .....	8
ERT ÞÚ MEÐ Í RÁÐUM: SKIPULAG OG UMHVERFISMÁL .....	8
MÁLSTOFA UM BREEAM- VOTTUNARKERFIÐ .....	9
BYGGJUM VISTVÆNT! MORGUNVERÐARFUNDUR BYKO .....	9
HEIMSÓKN .....	9
FRÆÐSLUEFNI .....	9
FAGHÓPAR .....	10
SAMTAL VIÐ YFIRVÖLD .....	10
STYRKUMSÓKNIR .....	10
ÞÁTTTAKA Í ÖÐRUM VIÐBURÐUM .....	10
ÞÁTTTAKA Í TENGLSANETI GREEN BUILDING COUNCILS .....	11
FJÖLMIÐLAR .....	11
STEFNUMÓTUN .....	11
AÐ LOKUM .....	11

## VISTBYGGÐARRÁÐ

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga, stofnana og einstaklinga í byggingariðnaði og skipulagi sem vilja vinna að auknum umhverfisáherslum og grænni byggð. Vistbyggðarráð var stofnað í febrúar 2010. Hlutverk Vistbyggðarráðs er að fræða, tengja og hvetja til aukins metnaðar í umhverfismálum í skipulagi og byggingariðnaði.

Vistbyggðarráð stendur fyrir ýmsum viðburðum eins og námskeiðum, málþingum og opnum fundum. Vistbyggðarráð starfrækir einnig faghópa um hin ýmsu málefni eins og vottunarkerfið BREEAM og aðgerðir í loftslagsmálum. Vistbyggðarráð hefur einnig unnið fræðsluefni um umhverfismál í byggingariðnaði og skipulagi.

Þegar litið er yfir 2017 voru fjölbreyttir og skemmtilegir viðburðir á vegum Vistbyggðarráðs. Í febrúar stóð Vistbyggðarráð fyrir námskeiði um efnisval, auk ráðstefnu um loftslagsmál og sjálfbærni í byggingariðnaði, í samstarfi við Mannvirkjastofnun, Byggingarvettvang og Nýsköpunarmiðstöð. Aðalfundur Vistbyggðarráðs var svo haldinn 26.apríl 2017 í Borgartúni 7b, hjá Skipulagsstofnun með fróðlegum erindum, góðri mætingu og umræðu. Vistbyggðarráð tók þátt í fundi fólksins, skipulagði málstofu um BREEAM með HBHByggir og tók þátt í morgunverðafundi undir yfirskriftinni "Byggjum Vistvænt" hjá BYKO í október.

Vistbyggðarráð starfar að fyrirmynd World Green Building Council ([www.worldgbc.org](http://www.worldgbc.org)) sem eru með höfuðstöðvar í London. WGBC eru með virk samtök í líkingu við Vistbyggðarráð í 73 löndum. Markmið samtakanna er að vinna að grænni byggð út um allan heim. Stjórn Vistbyggðarráðs vann á árinu að undirbúningi að stefnumótun og umsókn í alþjóðlegu samtökin World Green Building Council.

Vistbyggðarráð þakkar öllum stuðningsaðilum og samstarfsaðilum gott samstarf árið 2017.

## AÐILAR 2017

Árið 2017 voru 37 aðilar að Vistbygðarráði, er þeim þakkaður stuðningurinn og uppbyggilegt samstarf í þágu vistvænni byggðar á árinu 2017.



Aðilar Vistbygðarráðs eru: Arkís arkitektar ehf, ASK arkitektar, Basalt Arkitektar, BYKO, Búseti, EFLA verkfræðistofa, Fasteignir Ríkissjóðs, Framkvæmdasýsla Ríkisins, Hornsteinar arkitektar, Háskólinn í Reykjavík, Iðan fræðslusetur, Íslenskir aðalverktar, IKEA, Landsvirkjun, Lota verkfræðistofa, Mannvit verkfræðistofa, Mannvirkjastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands-Efnisfræði og steinsteypusvið, Nýsköpunarmiðstöð Íslands- Mannvirkjasvið, Nanótækni (áður Mosraf), Orkuveita Reykjavíkur, Reitir fasteignafélag, Reykjavíkurborg, Ríkiskaup, SérEfni, Skipulagsstofnun, Steinull hf., T.ark arkitektar, Teiknistofan Tröð, THG arkitektar, Urriðaholt hf., VA arkitektar, Vegagerðin, Verkís verkfræðistofa, Vista verkfræðistofa, VSB verkfræðistofa og VSÓ Ráðgjöf.

## STJÓRN

Stjórn Vistbyggðarráðs er skipuð fimm fulltrúum auk tveggja varafulltrúa sem ávallt eru boðaðir á fundi og eru virkir í stjórn. Stjórn fundar að jafnaði mánaðarlega. Auk þess voru vinnufundir í tengslum við stefnumótun. Fundagerðir stjórnar eru aðgengilegar á vef Vistbyggðarráðs ([www.vbr.is](http://www.vbr.is)). Skipunartími hvers stjórnarfulltrúa er tvö ár í senn.

Á aðalfundi 26. apríl 2017 voru þrír aðilar kjörnir, tveir aðalfulltrúar og einn vara: Ólafur H. Wallevik frá Nýsköpunarmiðstöð (Rannsóknarmiðstöð byggingariðnaðarins), Kristjana Ósk Jónsdóttir (Reitir fasteignafélag) og Örn Erlendsson (Framkvæmdasýslan). Frá 2016 voru fyrir í stjórn, Elín Vignisdóttir, stjórnarformaður frá Verkís verkfræðistofu, Eva Dís Þórðardóttir frá EFLU verkfræðistofu, Hrólfur Karl Cela frá Basalt arkitektum og Sigríður Magnúsdóttir frá Teiknistofunni Tröð. Fráfarandi í stjórn á aðalfundi 2017 voru: Bergljót S. Einarsdóttir frá Framkvæmdasýslu ríkisins, Andri Þór Arinbjörnsson frá Reitum fasteignafélagi og Gísli Örn Bjarnhéðinsson frá Búseta. Þeim er þakkað kærlega fyrir framlag sitt.

Stjórn Vistbyggðarráðs 2017-2018:



Elín Vignisdóttir  
(Verkís verkfræðistofa)  
- (2016-2018), Formaður



Ólafur H. Wallevik  
(Nýsköpunarmiðstöð,  
2017-2019)



Kristjana Ósk Jónsdóttir  
(Reitir fasteignafélag) -  
(2017-2019)



Eva Dís Þórðardóttir  
(EFLA verkfræðistofa,  
2016-2018)



Hrólfur Karl Cela  
(Basalt arkítekta) -  
(2016-2018)



Sigríður Magnúsdóttir  
(Teiknistofan Tröð,  
2016-2018)



Örn Erlendsson  
(Framkvæmdasýslan,  
2017-2019, varamaður)



Bergljót S. Einarsdóttir  
Framkvæmdasýslan  
(tók við af Erni  
Erlendssyni, seinni  
hluta árs 2017)

## REKSTUR

### STARFSFÓLK

Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn Vistbyggðarráðs. Starfshlutfall hefur verið háð fjárhag Vistbyggðarráðs og samkomulagi milli stjórnar og framkvæmdastjóra. Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir var ráðin til starfa sem framkvæmdastjóri í 50% starfshlutfall haustið 2016. Hún er orku- og umhverfisverkfræðingur frá Tækniháskólanum í Prándheimi. Árið 2017 fékk framkvæmdastjóri leyfi stjórnar fyrir tímabundnu námsleyfi til að ljúka doktorsnámi við Tækniháskólann í Prándheimi. Starfshlutfall framkvæmdastjóra var því að jafnaði um 35% árið



Framkvæmdastjóri  
Vistbyggðarráðs, Þórhildur Fjóla  
Kristjánsdóttir

2017 og skiptist þannig yfir árið; 50% í janúar, febrúar, mars, ágúst, september og október en 10% í apríl, maí, júlí, nóvember og desember.

### AÐSETUR


Vistbyggðarráð flutti starfsstöðvar sínar frá verkfræðistofunni Verkís í Ofanaleiti 2 til Skipulagsstofnunar í Borgartúni 7b í febrúar 2017. Vistbyggðarráð skrifaði undir tveggja ára starfsstöðvarsamning við Skipulagsstofnun og mun því hafa aðsetur þar til 1. febrúar 2019. Vistbyggðarráð er afar þakklátt Verkís og Skipulagsstofnun fyrir velvildina og framlag í formi húsnæðis.



Borgartún 7b, hjá Skipulagsstofnun, Mynd frá Skipulagsstofnun

### TEKJUR

Samkvæmt ársreikning Vistbyggðarráðs (28. mars 2018 frá Endurskoðun og ráðgjöf) voru heildartekjur Vistbyggðarráðs árið 2017 kr. 8.307.956 og skiptust í aðildagjöld kr. 7.289.000, námskeiðsgjöld kr. 375.500 kr og styrki kr. 646.456.



Tekjur Vistbyggðarráðs 2017

## ÖFLUGIR VIÐBURÐIR Í ÞÁGU GRÆNNI BYGGÐAR

### HVAÐ Á AÐ VELJA? NÁMSKEIÐ UM UMHVERFISVÆNT EFNISVAL

Námskeið um efnisval í byggingum var haldið þann 9. Febrúar í húsakynnum Verkís að Ofanaleiti 2. Um 25 manns tóku þátt í námskeiðinu. Fjöldmörg fræðsluerindi voru um hinar ýmsu hliðar málefnisins. Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir flutti erindið *Afhverju að hugsa um umhverfisvænt efnisval og hvaða fræðslufni er aðgengilegt*. Helga Jóhanna Bjarnadóttir hjá EFLU verkfræðistofu fór yfir umhverfisgreiningar og vottanir fyrir byggingarefni. Ólafur H. Wallevik, hjá Rannsóknarmiðstöð Byggingariðnaðarins fór yfir steypu og valkosti á Íslandi. Björn Marteinsson hjá Háskóla Íslands talaði um gróðurhúsaáhrif vegna notkunar á timbri og trjákenndum vörum. Páll Kolka frá Umhverfisstofnun fór yfir umhverfisstofnunarkerfið Svaninn, kröfur þeirra og byggingarefni. Aðalheiður Atladóttir, arkitekt og þáverandi



formaður Arkitektafélags Íslands, fjallaði um umhverfisvænt efnisval frá sjónarhóli arkitektsins og Árni Friðriksson, arkitekt hjá ASK arkitektum tók nokkur dæmi um umhverfisvænt efnisval.

### MÁLÞING: LOFTSLAGSMÁL OG SJÁLFBÆRNI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Haldið var málþing um loftslagsmál og sjálfbærni í byggingariðnaði þann 23. febrúar á Hótel Hilton Nordica. Málþingið var samstarfsverkefni Mannvirkjastofnunar, Byggingavettvangsins, Vistbyggðarráðs og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Ráðherra umhverfis- og auðlinda mála, Björt Ólafsdóttir, flutti opunarávarp. Fjöldmörg áhuga-verð erindi voru flutt um tækifæri og áskoranir sem felast í sjálfbærum byggingariðnaði og áhrifum hans á loftslagsbreytingar. Aðalræðumaður var þýski arkitektinn Martin Haas sem er einnig varaformaður þýska vistbyggðarráðsins. Málþingsstjóri var Hannes Frímánn Sigurðsson. Mikill áhugi var á málþinginu og



sóttu það rúmlega 100 gestir. Fjallað var um málþingið í sjónvarpsfréttum á RÚV sama dag.

## AÐALFUNDUR VISTBYGGÐARRÁÐS 26. APRÍL

Aðalfundur Vistbyggðarráðs fór fram í Borgartúni 7B hjá Skipulagsstofnun 26. apríl. Um 30 manns sóttu fundinn. Björn Karlsson forstjóri Mannvirkjastofnunar og Hafliði Ingason hjá Orkusölnunni fluttu fróðleg og skemmtileg fagerindi. Fundarstjóri var Ásdís Hlökk Theodórsdóttir forstjóri Skipulagsstofnunar og ritari var Eva Dís Þórðardóttir. Auk hefðbundinna aðalfundastarfa var kosið um breytingu á aðild að Vistbyggðarráði og opnað fyrir einstaklingsaðild. Aðildagjöld Vistbyggðarráðs voru samþykkt óbreytt frá árinu 2016 en samþykktar breytingar á fjölda atkvæða fyrir hvern flokk ásamt aðildagjöldum og atkvæðum fyrir nýjan flokk einstaklinga. Aðildargjöld og atkvæði fyrir árið 2017 eru eftirfarandi: 1. flokkur 605.000 kr/ári - sex atkvæði á aðalfundi; 2. flokkur 363.000 kr/ári - fjögur atkvæði á aðalfundi;



Sigurður Thorlacius frá EFLU verkfræðistofu og Sandra Rán Ásgrímsdóttir hjá Mannvít verkfræðistofu á aðalfundi Vistbyggðarráðs 2017

3. flokkur 121.000 kr/ári; og 4. flokkur fyrir einstaklinga 25.000 kr/ári- eitt atkvæði á aðalfundi.

## ERT ÞÚ MEÐ Í RÁÐUM: SKIPULAG OG UMHVERFISMÁL

Vistbyggðarráð tók þátt í fundi fólksins á Akureyri 8. september með málstofuna: *Ert þú með í ráðum?* Sigríður Björk Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Skipulagsstofnun, fjallaði um vistvænt skipulag, Matthildur Kr. Elmarsdóttir frá Alta fræddi okkur um samráðsferla varðandi skipulagsmál í þéttbýlum. Bjarki Jóhannesson, skipulagsstjóri á Akureyri fjallaði um samráðsferla varðandi skipulagsmál Akureyrarbæjar. Þórhildur Fjola, framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs, kynnti niðurstöður úr norrænu samstarfsverkefni: *Nordic Urban Development*. Góð þátttaka var á fundinum og fjörugar umræður um skipulagsmál.



Matthildur Kr. Elmarsdóttir frá Alta fjallar um samráðsferla um skipulagsmál



## MÁLSTOFA UM BREEAM- VOTTUNARKERFIÐ

Í september var haldin í samstarfi við HBH Byggir málstofa um BREEAM vottunarkerfið á Hótel Sögu. Fyrirlestrar voru skemmtilegir og fróðlegir. Lee Chaston fra BRE International fjallaði um BREEAM kerfið og Björn Guðmundsson fór yfir reynslu Reykjavíkurborgar af kerfinu. Góð þátttaka var á málstofunni sem var öllum opin.



Þátttakendur á málstofu um BREEAM vottunarkerfið

## BYGGJUM VISTVÆNT! MORGUNVERÐARFUNDUR BYKO

Þann 27. október bauð BYKO til morgunverðarfundar undir yfyrskriftinni „Byggjum vistvænt“ í verslun sinni í Breiddinni. BYKO hefur verið virkur þátttakandi með Finni Sveinssyni og Þórdísi Jónu Hrafnkelsdóttur í að byggja fyrsta Svansvottaða einbýlishúsið á Íslandi. Finnur var með erindi á fundinum um verkefnið og reynslu þeirra hjóna. Verkfræðistofan EFLA hefur unnið að vistferilsgreiningu á Steinull og kynnti Helga Jóhanna Bjarnadóttir efnaverkfræðingur hjá EFLU verkfræðistofu helstu niðurstöður. Forstjóri BYKO, Sigurður Pálsson var fundarstjóri. Fundurinn var vel sóttur, fræðandi



og skemmtilegur. Honum var streymt á Facebook síðu Byko:

<https://www.facebook.com/Byko.is/videos/1620926847928612>

## HEIMSÓKN

Vistbyggðarráð fékk heimsókn 24. mars frá *Young Members Committee, Hong Kong Institute of Engineers* frá Hong Kong. Alls komu 16 nemar í stutta heimsókn og fengu að kynna starfsemi og áherslum Vistbyggðarráðs.

## FRÆÐSLUEFNI

Vistbyggðarráð fékk styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu árið 2015 til útgáfu tveggja bæklinga, *Híbýli og heilsa* og *Efnisgæði*. Vinnu við útgáfu bæklinganna lauk árið 2017 og eru bæklingarnir aðgengilegir á heimasíðu Vistbyggðarráðs, [www.vbr.is](http://www.vbr.is).



## FAGHÓPAR

Tveir faghópar voru starfræktir á vegum Vistbyggðarráðs á árinu 2017. BREEAM hópur og hópur um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. BREEAM hópurinn sótti sameiginlega um styrk til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þann 24. nóvember um að skilgreina betur hvað telst vera umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi. Aðgerðarhópur í loftslagsmálum skilaði af sér áherslum Vistbyggðarráðs í loftslagsmálum til þáverandi Umhverfis- og auðlindaráðherra, Bjartar Ólafsdóttur.

## SAMTAL VIÐ YFIRVÖLD

Vistbyggðarráð kynnti starfsemi sína og áherslur fyrir Umhverfis- og auðlindaráðherra Björt Ólafsdóttur þann 13. mars 2017. Ásamt framkvæmdastjóra voru á fundinum Eva Dís Þórðardóttir skipulagsfræðingur hjá EFLU verkfræðistofu og Elín Vignisdóttir landfræðingur hjá Verkís. Vistbyggðarráð lagði áherslu á örugga fjármögnun fyrir Borgarlínuna og aukinn metnað í umhverfismálum, sérstaklega tengt byggingarreglugerð.

## STYRKUMSÓKNIR

Send var inn umsókn um rekstrarstyrk til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í janúar 2017, sem veitti Vistbyggðarráði 100.000 í rekstrarstyrk. Rekstrarstyrkurinn var nýttur í þátttöku á fundi fólksins á Akureyri. Vistbyggðarráð sótti einnig um verkefnastyrk fyrir verkefnið: *Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi* til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í nóvember 2017 á vegum BREEAM faghópsins.

## ÞÁTTTAKA Í ÖÐRUM VIÐBURÐUM

Framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs var með erindi á Steinsteypudeginum um áherslur Vistbyggðarráðs þann 17. febrúar á Grand Hótel Reykjavík og fyrilestur um Vistvænar byggingar og kynningu á Vistbyggðarráði þriðjudaginn 7. mars fyrir nemendur í byggingartæknifræði við Háskóla Reykjavíkur á vegum Aldísar Ingimarsdóttur og Eyþórs Rafns Þórhallssonar. Framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs var einnig með erindi fyrir nemendur í faginu: T-848-ECOS, Sustainability and durability of concrete, þann 11. október í Háskóla Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs var líka með erindi á námskeiði hjá Festu sem er hluti af verkefninu um *Ábyrga ferðaþjónustu* um: „Verndum náttúruna - að setja sér skýra umhverfisstefnu“ þann 24. október í

HVER ERU ÁHRIF MANNVIRKJAGEIRANS?

- Í Evrópu er mannvirkjageirinn ábyrgur fyrir um 35% losunar gróðurhúsalofttegunda.
- Á Íslandi hefur þessi losun ekki verið kortlögð
- Byggingarefni hafa innbyggt kolefni
- Skiplag stór þáttur í að hægt sé að draga úr losun einstaklinga

The Leaderhall Building

42,210 TONNES OF EMISSIONS EMBODIED IN THE LEADERHALL BUILDING

Energy Use

40% Heating

30% Cooling

30% Electricity

0% Gas

Vistbyggðarráð

Úr fyrirlestri Söndru Ránar Ásgrímsdóttur fyrir Vistbyggðarráð á loftslagsráðstefnu Festu og Reykjavíkurborgar þann 10. desember.

Háskóla Reykjavíkur. Þar var Þórhildur Fjöla með erindi um umhverfisvænar byggingar. Vistbyggðarráð tók þátt í Loftslagsráðstefnu Festu og Reykjavíkurborgar þann 10. desember. Það var Sandra Rán Ásgrímsdóttir, sjálfbærni

verkfræðingur hjá Mannviti verkfræðistofu, sem var með kynninguna fyrir Vistbyggðarráð og áherslum þess í loftslagsmálum.

## ÞÁTTAKA Í TENGLSANETI GREEN BUILDING COUNCILS

Framkvæmdastjóra Vistbyggðarráðs var boðið að taka þátt í European Network Meeting fyrir Green Building Council í Evrópu í Helsinki 13. og 14. júní. Afar fjölbreytt og fróðleg dagskrá var á fundinum. Þar var fjallað bæði um BREEAM vottunarkerfið, WELL vottunarkerfið, hringrásarhagkerfið, CityLab verkefnið hjá Swedish Green Building Council, lífsferilshugsunina hjá Evrópuráði og verkefni sem snúa að heilsu og



vellíðan íbúa. Fjölmarginir tóku þátt í dagskránni, bæði fagfólk á vegum Green Building Councils, en einnig forstjórar og umhverfisstefnustjórar fyrirtækja sem eru aðilar að Green Building Councils eins og til dæmis Skanska.

## FJÖLMIÐLAR

Fjallað var um málþingið loftslagsmál og sjálfbærni í byggingariðnaði þann 23. febrúar í sjónvarpsfréttum RÚV þar sem tekið var viðtal við Martin Haas. Eva Dís Þórðardóttir og Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir skrifuðu grein í Fréttablaðið um mikilvægi þéttingu byggðar sem var birt 18. apríl 2017. Þórhildur Fjóla var í samfélaginu í nærmynd á Rás 1 þann 10. mars 2017 að ræða um kolefnisjafnaðar byggingar.

## STEFNUMÓTUN

Stjórn hóf vinnu við stefnumótun fyrir Vistbyggðarráð til næstu 5 ára. Þann 14. september átti Stjórn Vistbyggðarráðs Skypefund með James Drinkwater, Regional Director fyrir European Network í World Green Building Council í London. James kynnti innri starfsemi World Green Building Council fór yfir kosti aðildar. Stjórn samþykkti einróma á fundi þann 28. september 2017 að sækja formlega um aðild að World Green Building Council. Stefnumótunarvinnu verður haldið áfram árið 2018 í samstarfi við aðila og stjórn Vistbyggðarráðs.

## AÐ LOKUM

Á síðasta ári hélt Vistbyggðarráð áfram sínu frábæra starfi að efla umhverfisvænar og grænar áherslur í hinu byggða umhverfi. Árið var fyrsta heila ár Þórhildar Fjólu í starfi og þrátt fyrir að hafa fleiri járn í eldinum og lækkað starfshlutfall hélt hún úti fjölbreyttum verkefnum og viðburðum á vettvangi félagsins. Á árinu var einnig ánægjulegt að finna fyrir auknum áhuga á umhverfisvænum áherslum í samfélaginu sem sást meðal annars í aukinni aðsókn á viðburði og auknum áhuga á starfi Vistbyggðarráðs. Fyrir Vistbyggðarráð er mikilvægt að nýta þessa „grænu bylgju“ og fylgja fast eftir umhverfisvænum áherslum í bæði byggingum og skipulagi á Íslandi. Þótt margt hafi áunnist á undanförunum árum þá eru mörg tækifæri til að bæta og efla okkur enn frekar m.a. með aðild okkar að erlendu samstarfsneti World Green Building Council, þannig að

við drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda frá hinu byggða umhverfi á Íslandi og nálgumst markmið okkar um sjálfbæra byggð.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs þakkar aðildarfélögum og samstarfsaðilum fyrir faglegt samstarf í þágu grænni byggðar á árinu 2017.

Áritun stjórnar:

Elín Vignisdóttir

---

Hrólfur Karl Cela

---

Eva Dís Þórðardóttir

---

Kristjana Ósk Jónsdóttir

---

Bergljót S. Einarsdóttir

---

Sigríður Magnúsdóttir

---

Ólafur H. Wallevik

---